

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Brautarholt, Holtabraut 1-7.

Breytingin felst í því að fjórum einbýlishúsalóðum við Holtabraut 1-7 er breytt í tvær raðhúsalóðir, Holtabraut 1-3. Gert er ráð fyrir 4-6 íbúðum í hvoru húsi. Lóðamörk færast til vesturs um 5,8 m, bílastæði breytast og verða á sameiginlegu svæði vestan lóðar. Samþykkt í sveitarstjórn þann 1. nóvember 2017.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 3. janúar 2018.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 17. janúar 2018